

Skólaráð Flataskóla 2019-2020

1. fundur miðvikudag 6. nóvember 2019 kl. 16:15

Mættir: Helga María Guðmundsdóttir skólastjóri, Helga Melsteð aðstoðarskólastjóri, Anna María Daníelsdóttir fulltrúi starfsmanna, Rósa Lilja Thoroddsen, fulltrúi kennara, Hanna Lóa Fríðjónsdóttir, fulltrúi kennara, Karólína Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra, Jóna Rósa Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra og Nanna Herborg Tómasdóttir, fulltrúi foreldra. Fulltrúar nemenda komust ekki. Helga Melsteð ritaði fundargerð.

Á dagskrá:

- Starfsreglur skólaráðs
- Starfsáætlun skólaársins
- Skólastarfið framundan
- Framkvæmdir við skólann
- Önnur mál

Starfsreglur skólaráðs. Farið yfir starfsreglur skólaráðs og hverjir sitja í skólaráði. Hittist fjórum sinnum yfir árið að jafnaði. Valið í skólaráð til tveggja ára.

Starfsáætlun skólans er gefin út árlega. Í upphafi skólaárs voru 476 nemendur í skólanum. Spár höfðu gert ráð fyrir fækkun nemenda, sem ekki var raunin í vetur. Drengir eru fleiri en stúlkur. Samkvæmt spám mun nemendum fækka í skólanum næstu árin.

Skólastarfið framundan. Áhersla á að öllum líði vel í skólanum og daglega hreyfingu nemenda. Fjölval á yngra og eldra stigi. Hópaskipting í árgöngum, nemendur eru ekki í sama hópnum allan veturinn. Smíðju- og íþróttahópar halda sér yfir veturinn. Áhersla á teymisvinnu. Kanna viðhorf nemenda, foreldra og kennara með hópaskiptingu. Skólapúlsinn er lagður ýmist fyrir nemendur, foreldra eða starfsmenn. Í vetur var Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur. Niðurstöður verða kynntar á næsta fundi skólaráðs. Persónuvernd og öryggi í skólanum. Áformað að starfsmenn og aðrir sem starfa tímabundið í skólanum verði merktir. Aðgangsstýring í skólann. Öllum inngöngum nema aðalinngangi læst eftir að skóli er hafinn. Myndatökur í skólanum og persónuverndarlög. Sundkennsla í almenningssundlaug og persónuverndarlög. Skólalóðin stór og ekki alltaf ljóst hvar mörkin liggja. Hjólabrautin er ekki inni á skólalóð en nemendur nota hana í frímínútum.

Annríki framundan. Áhersla lögð á rólegan desember í skólastarfi. Uppbrot í nóvember svo sem „Dagur gegn einelti“, ferð 7. bekkjar að Reykjum, „dagur réttinda barna“ og barnþingið og „Dagur íslenskrar tungu“, þemadagar sem tengjast börnum um allan heim. Ágóði af sýningu gefinn til góðs málefnis. Hefðbundin dagskrá í desember.

Framkvæmdir við skólann. Farið yfir teikningar af skólalóð. Nemendur tóku þátt í hugmyndavinnu. Fyrsta áfanga er að ljúka. Hjólastígar og hraðskreið hjól. Sérstakt fjármagn í verkefnið. Framkvæmdir hafa dregist vegna annars viðhalds sem kom í ljós þegar byrjað var að vinna við lóðina.

Önnur mál. Hlutverk foreldra sem sitja í skólaráði. Vettvangur til þess að ræða málefni sem hvíla á foreldrum. Vettvangur fyrir skólastarfið almennt en ekki fyrir einstök mál. Upplýsa aðra foreldra.

Bílastæðamál, þrengsli og erill á morgnanna. Margir skutla börnum sínum á morgnanna. Börnin skjótast á milli bílanna. Ýmsar hugmyndir verið ræddar. Erfitt fyrir stórar rútur að koma inn á bílastæðin. Lögreglan er stundum á ferli á morgnanna og fylgist með. Ráðamenn bæjarins hafa verið upplýsir. Gætu foreldrar beitt sér í þessu máli? Lýsing bætt við gangbraut. Skólaráð getur ályktað um bílastæðin, fjölda bíla og hringtorg. Fá skrifstofustjóra til að senda upplýsingar til foreldra um hlutverk foreldra í skólaráði.

Fundi slitið.

HM